



Landssamband æskulýðsfélaga

15. fundur stjórnar 2009 – 2010
Haldin á skrifstofu félagsins í Hinu húsinu kl. 12:00
5. maí 2010

Mættir: Unnur Hjálmarsdóttir (UH), Sindri Snær Einarsson (SSE) og Auður Geirsdóttir (AuG)
Auk þess sat Hildur Tryggvadóttir Flóvenz (HTF) framkvæmdastjóri fundinn.

Fundur settur: 12:15

Eftirfarandi fór fram á fundinum:

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð síðasta fundar samþykkt samhljóða.

2. Frá framkvæmdastjóra

HTF sagði frá því að enn væri ekki allveg ljóst hver yrði endanlegur kostnaður sem LÆF þyrfti að bera vegna ferðar SSE og BG á youth event spænsku formennskunnar í apríl. Verið væri að kanna hvað fengist endurgreitt frá flugfélögunum.

HTF sagði fram uppsögn sinni hjá félaginu. Hún sagði frá því að hafa þegar sagt formanni frá uppsögn sinni. HTF lagði fram tillögu að starfslokum sem var samþykkt. Undir þessum lið var rætt um hvernig ætti að standa að ráðningu nýs framkvæmdastjóra. Ákveðið var að auglýsa í Fréttablaðinu, á Æskulýðsgáttinni, facebook og í póstlista. Einnig var rætt um hæfniskröfur, laun og feril við ráðninguna. HTF falið að gera uppkast að ferli og auglýsingu.

3. Frá æskulýðsráði

SSE sagði frá því því að ráðið hefði fundað með Ungmennaráði Vesturbæjar á síðasta fundi sínum. Á þeim fundi lagði SSE til að Æskulýðsráð fundaði næst í húsnæði LÆF. Það var samþykkt af ráðinu.

HTF sagði frá því að AuG og Stefán Rafn Sigurbjörnsson (SRS) hefðu verið valin í ráðgjafanefndum æskulýðsmál á vegum Menntamálaráðuneytis að tilnefningu LÆF. AuG er aðalmaður og SRS varamaður. Auk þess situr SSE í ráðinu fyrir hönd Æskulýðsráðs.

UH sagði frá því að hún mun líklega sitja sem aðalmaður í stjórn æskulýðssjóðs út tímabilið.

4. Sambandsþing

HTF fór yfir stöðuna á sambandsþingi. Enginn hafði enn skráð sig en gögn voru send út 4. maí. Rætt var um mögulega fundarstjóra og staðsetningu. HTF mun halda áfram með verkefnalistann, AuG mun hringja út í félög minna á skráningu og framboð til stjórnar. Annars verður unnið áfram samkvæmt plani.

5. Æskan – rödd framtíðar

UH sagði frá því að boð hefðu komið frá Menntamálaráðuneyti að ráðstefnunni hefið verið frestað fram til 28. október. LÆF mun halda áfram að fylgjast með skipulagningu.

6. Alþjóðastarf

- a. HTF fór yfir skýrslu COMEM fundarins frá því í apríl 2010.
- b. UH fór yfir má er vara undirbúning fyrir aðalfund YFJ. Ákveðið var að framkvæmdastjóri og UH yrður tengiliðir við NB hópinn vegna undirbúnings.
- c. HTF sagði frá því að leitað hefði verið til hennar á Comem um að styðja stofnun landsambands æskulýðfélaga í Búlgaríu. Var það lagt fyrir stjórn og samþykkt að þegar formleg beiðni um stuðning berst muni LÆF styðja hana.
- d. HTF sagði að borist hefði boð frá Evrópráðinu um að sækja námskeið í Strassborg um kynja jafnrétti í æskulýðsstarfi. Ákveðið að auglýsa námskeiðið á póstlista.
- e. HTF sagði frá boð hefði komið á námskeið um heilsu ungs fólks frá landssambandi æskulýðsfélaga á Ítalíu. Ákveðið að auglýsa námskeiðið á póstlista.
- f. SSE sagði frá því að heimasíða verkefnisins Youth Employment Action hefði verið opnuð formlega þann 1. maí s.l. SSE lagði til að LÆF færi í vinnu við að uppfæra upplýsingar á síðunni og upplýsingar á ensku á Æskulýðsgáttinni. Ákveðið að kanna eftir sambandsþing.
- g. SSE sagði frá því að hann og BG hefðu sent póstkort þegar þeir voru á ráðstefnu á Spáni á dögunum. SSE lagði til að það yrði tekið upp sem hefð að fulltrúa á vegum félagsins erlendis sendu ávallt póstkort til félagsins og þau yrðu varðveitt á skrifstofu félagsins. Með þessu móti myndi skapast skemmtileg saga hjá félaginu. Samþykkt.

7. Bréf og önnu skjöl sem þarfnast afgreiðslu

- a. UH sagði frá því að henni hefði borist bréf frá landssambandi æskulýðsfélaga í Nígeríu. Óskað var eftir að koma í svokallað study visit til Íslands. UH falið að svara bréfinu með þeim hætti að ekki væri unnt að verða við beiðninni.
- b. HTF sagði frá bréfi sem barst frá framkvæmdastjórn Evrópusambandsins með beiðni um að senda okkur kynningarefni um heimasíðuna EVE. HTF hafði ekki svarað beiðninni og ætlaði að leggja hana fyrir stjórnin á þessum fundi. Hins vegar barst kynningarefnið daginn fyrir fundinn og HTF ákvað að taka við því.

8. Önnur mál

- a. HTF minnit á að umsóknarfrestur um styrk af fjárlögum væri 15. september n.k.
- b. UH sagði frá því að hún og HTF hefði sótt ráðstefnuna Menningarlandið 2010 þann 30. apríl. UH var yngsti þátttakandi á þinginu sem fjallaði um málefni íþrótta- og æsku. Niðurstöður þingsins munu berast þátttakendum í pósti og lagði UH til að umræða um þingið og niðurstöðurnar yrður teknar fyrir þá. Það var samþykkt.

Ekki var fleira rætt á fundinum og fundi slitið kl. 14:00.

Fundargerð ritaði:

Hildur Tryggvadóttir Flóvenz
framkvæmdastjóri

